

Eiríkur Rögnvaldsson

Tungutækni

Menntamálaráðherra – góðir áheyrendur.

Orðið *tungutækni* hefur í raun þrjár mismunandi merkingar, sem þó eru vissulega nátengdar. Í fyrsta lagi er orðið haft um þverfaglega fræðigrein sem byggist á málvísindum og tölvunarfræði. Í öðru lagi vísar orðið til iðnaðarstarfsemi þar sem fengist er við gerð hvers kyns hugbúnaðar og tækja sem tengja tungumál og tölvutækni – tungutæknitóla. Í þriðja lagi er orðið svo notað um tungutæknitólin sjálf. En það sem sameinar allar þessar merkingar orðsins er fjó samvinna tungumáls og tölvutækni. Sú samvinna hefur tvær hliðar. Annars vegar getum við beitt tölvutækninni í þágu tungumálsins – nýtt hana á ýmsan hátt til að auðvelda okkur meðferð málsins. Undir þetta falla ýmiss konar leiðréttingarforrit, þýðingarforrit, talgervlar, rafrænar orðabækur, hjálpartæki fyrir fatlaða o.fl. Hins vegar getum við svo notað tungumálið í þágu tölvutækninnar – beitt því á ýmsan hátt t.d. við leit í gagnabönkum, stjórn ýmissa tölvustýrðra tækja, samskiptum við upplýsingaveitur o.s.frv.

Til skamms tíma var íslensk tungutækni varla til – sama hvaða merkingu við leggjum í orðið. *Púki* Friðriks Skúlasonar var nánast eina undantekningin. Fyrir fimm árum, þegar við Rögnvaldur Ólafsson og Þorgeir Sigurðsson vorum að vinna að skýrslu starfshóps um tungutækni, ræddum við mikið um það hverjar forsendurnar væru fyrir íslenskri tungutækni og hvernig mætti skjóta stóðum undir hana. Niðurstaða okkar var sú að varla væri við því að búast að íslensk tungutækni sprytti af sjálfu sér. Nauðsynlegt væri að vekja áhuga fyrirtækja á að snúa sér að verkefnum á þessu sviði, en til þess þyrftu þau opinberan stuðning. Vegna smæðar markaðarins væri ekki við því að búast að fyrirtæki hefðu burði til að ráðast í stórvirki á þessu sviði óstudd. Friðrik Skúlason á skilið mikið lof fyrir brautryðjandastarf á þessu sviði, og það er mjög ánægjulegt að Tungutæknisjóður hefur gert fyrirtæki hans kleift að halda áfram þróun *Púkans* og vinna að metnaðarfullu verkefni á sviði setningagreiningar.

En svo má auðvitað spyrja til hvers við séum að þessu. Hvers vegna ættum við að verja stórfé í uppbyggingu og þróun íslenskrar tungutækni? Er ekki miklu einfaldara að bíða bara og sjá hverju fram vindur? Annaðhvort fáum

við íslenska tungutækni eða ekki. Ef við fáum hana þá er það ágætt, en ef ekki, þá notum við bara tól sem gerð eru fyrir erlend mál, þótt það þýði að enskan leggi undir sig fleiri og fleiri svið daglegra starfa – what’s the big deal?

Ég held að það megi finna þrenns konar réttlætingu fyrir íslenskri tungutækni. Í fyrsta lagi er um að ræða nýsköpun þekkingar sem er æskileg í sjálfu sér. Við sjáum tungumálið í nýju ljósi og komumst að ýmsu nýju um það með því að skoða það frá sjónarhorni tölvutækninnar; og tölvunarfræðin lærir líka ýmislegt á því að glíma við tungumálið. Í öðru lagi er íslensk tungutækni mikilvæg til að vernda og varðveita íslenskt mál. Upplýsingatæknin er orðin mikilvægur þáttur í daglegu lífi alls almennings í landinu. Þess vegna verður hún að vera á íslensku; að öðrum kosti er tungan feig.

Í þriðja lagi snýst þetta svo um þjónustu við málnotendur, virðingu við þá og samkeppnisstöðu þeirra. Við eigum ekki að meta þörf á íslenskri tungutækni eingöngu út frá sjónarmiði tungumálsins og varðveislu þess. Við eigum einnig og ekki síður að líta á þetta út frá þörfum og hagsmunum málnotendanna. Þeir eiga ekki að þurfa að sitja skör lægra en aðrir, og vera neyddir til þess að nota erlend mál við hversdagslegar aðstæður. Þeir eiga kröfu á því að geta notað móðurmál sitt hvar sem er í íslensku málsamfélagi. Allt annað er uppgjöf fyrir ytri aðstæðum – uppgjöf sem við eigum ekki að sætta okkur við.

Það er auðvitað ljóst að við getum aldrei fengið allt á íslensku. Smæð málsamfélagsins gerir það að verkum að við verðum alltaf að sætta okkur við einhverjar málamiðlanir. Við gerum ekki athugasemd við það að það standi R, N og P á gírstönginni í bílnum okkar, og leiðum sjaldnast hugann að því að þessir bókstafir standa fyrir ensku orðin *reverse*, *neutral* og *park*. Við ætlumst ekki til að B, H og S komi í staðinn; fyrir okkur eru þessir bókstafir bara tákn, óháð tungumáli. En þetta getur aldrei gilt um mál í virkri notkun, mál í samhengi. Það slítur sig ekki frá uppruna sínum á sama hátt og einstakir bókstafir geta gert. Ef það er útlenska að uppruna þá heldur það áfram að vera útlenska. Þess vegna verðum við að geta notað íslensku í staðinn, við sem flestar og fjölbreyttastar aðstæður. Að öðrum kosti verðum við málfarslega undirokuð í okkar eigin málsamfélagi.

Áðurnefndur starfshópur um tungutækni benti á að eitt stærsta vandamál sem Íslendingar stæðu frammi fyrir ef þeir ætluðu að hefja öflugt og markvisst starf á sviði tungutækni væri skortur á fólki með menntun, reynslu og

þekkingu á þessu sviði. Hér á landi hafði lítið sem ekkert verið fengist við kennslu og rannsóknir í tungutækni. Í skýrslunni segir: „Óráðlegt er að ætla að Íslendingar geti byggt upp öflugt starf á sviði tungutækni án þess að hyggja að fræðilegum undirstöðum slíks starfs. Nauðsynlegt er að fá sem fyrst til starfa vel menntað fólk á sviði íslensks máls og tölvunarfræði sem gerir sér grein fyrir sérkennum íslenskrar málfræði og þörfum íslensks mál-samfélags. Ef ekki verður byggð upp innlend þekking á þessu sviði innan menntastofnana verðum við um ófyrirsjáanlega framtíð þiggjendur á þessu sviði og höfum miklu minni möguleika á að bregðast við breyttum aðstæð-um og nýjungum, og þróa þau tól og tæki sem henta best íslenskum aðstæð-um.“

Hér er mikilvægt að hafa í huga að enda þótt skammt sé síðan tungutækni varð að iðnaði í grannlöndum okkar styðst það starf við margra ára rann-sóknir og kennslu á háskólastigi. Mikill vöxtur hefur verið á þessu sviði á undanförunum árum. Vitaskuld er beint samband milli útpenslu þess í há-skólum og hinnar öru þróunar sem hefur verið í tungutækni sem iðngrein sem veltir háum fjárhæðum. Þörf atvinnulífsins fyrir fólk með menntun á þessu sviði hefur stóraukist, og þar með vilji yfirvalda til að efla slíka kennslu á háskólastigi. En um leið hafa áherslur í kennslunni breyst víða erlendis. Í stað þess að þessi fræði séu fyrst og fremst stunduð sem hefð-bundin akademísk grein hefur áherslan færst yfir á hagnýtingu þeirra í ýmiss konar tækjum og tólum; leiðréttingarforritum, vélrænum þýðingum, hjálpar-tækjum fyrir fatlaða o.s.frv.

Í framhaldi af skýrslu starfshóps um tungutækni gerðu menntamálaráðu-neytið og Háskóli Íslands með sér samning um rannsóknir og þróun á sviði tungutækni sumarið 2001. Samkvæmt samningnum átti Háskólinn annars vegar að sinna ýmiss konar þjónustu við verkefnisstjórn í tungutækni, og hins vegar að byggja upp rannsóknánám á sviði tungutækni. Íslenskuskor var falin framkvæmd þessa samnings, og ég hef borið ábyrgð á framkvæmdinni af hálfu skorarinnar.

Kennsla í tungutækni til meistaraþrófs hófst haustið 2002, og hófu níu nem-endur þá nám. Um er að ræða 60 eininga nám, þar af 45 einingar í námskeið-um og 15 eininga lokaverkefni. Nemendur úr málvísindum og tungumála-greinum þurfa að taka inngangsnámskeið í tölvunarfræði, en nemendur út tölvunarfræði og skyldum greinum taka inngangsnámskeið í málfræði. Auk þess hafa verið tekin upp nokkur ný námskeið í tungutækni sem allir taka. Sex þeirra sem byrjuðu í fyrrahaust eru enn í náminu – mislangt komnir, en

tveir þeirra farnir að huga að lokaverkefni. Fjórir nemendur voru nýinnritaðir í námið nú í haust, en að auki sækja nokkrir nemendur úr öðrum greinum tvö inngangsnámskeið í tungutækni. Meirihluti nemenda hefur komið úr málvísindum, íslensku og erlendum tungumálum, en einnig hafa komið nokkrir nemendur með nám í tölvunarfræði að baki.

Ein af skyldum Háskólans samkvæmt samningnum við menntamálaráðuneytið var að kynna nám í tungutækni fyrir fyrirtækjum og stuðla að samstarfi við þau um kennslu og rannsóknir á því sviði. Þetta höfum við gert með góðum árangri. Námið hefur verið kynnt fyrir fyrirtækjum á ýmsan hátt, m.a. með gagnkvæmum heimsóknum. Nemendur hafa farið í heimsóknir til ýmissa fyrirtækja, m.a. hingað til Friðriks Skúlasonar ehf., og kynnt sér starfsemi þeirra á sviði tungutækni, og einnig hafa fulltrúar fyrirtækja komið í tíma í tungutækni og rætt við nemendur.

Samstarf við fyrirtæki um kennslu og rannsóknir er einnig hafið. Háskólinn á aðild að verkefni *Hjali*, ásamt fjórum fyrirtækjum á sviði tölvu- og upplýsingatækni; Landssímanum, Nýherja, Grunni – gagnalausnum og Hex Software. Markmið þessa verkefnis, sem kostað er af Tungutæknisjóði, er að safna og skrá hráefni fyrir íslenska stakorðagreiningu. Á vormisseri í fyrra var haldið námskeið um talgreiningu í tengslum við þetta verkefni, og tóku tölvunarfræðingar frá Hex þátt í kennslu í því námskeiði. Ég bar ábyrgð á málfræðilegum þáttum þessa verkefnis, og þrír nemendur í tungutækni fengu sumarvinnu við það. Verkefnið er nú að ljúka og virðist hafa skilað fullkomlega þeim árangri sem stefnt var að, og það er samdóma álit allra aðstandenda að það sé gott dæmi um árangursríkt og vel heppnað samstarf háskóla og atvinnulífs.

Nú á vormisseri áformum við samstarf um eitt námskeið við Friðrik Skúlason ehf. Þar er um að ræða námskeið á sviði setningafræðilegrar greiningar, sem mun tengjast beint því stóra verkefni sem hér er unnið að. Hugmyndin er að starfsmenn í því verkefni sjái um einhverja tíma og geri grein fyrir vinnu sinni við verkefnið, bæði fræðilegum forsendum og einstökum lausnum. Nemendum í tungutækni verði síðan falin ákveðin verkefni til úrlausnar, og þeir og starfsmenn Friðriks Skúlasonar ræði um þau verkefni í umræðutímum. Við teljum að þess háttar samstarf komi báðum aðilum til góða; nemendur læra mikið á því að taka þátt í raunhæfum verkefnum af þessu tagi, og starfsmenn í verkefnið fá tækifæri til að ræða við kennara og nemendur um ýmis úrlausnarefni og leita sameiginlega lausnar á þeim.

Í samningi Háskólans við menntamálaráðuneytið var enn fremur ákvæði um að skólinn skyldi vinna að samstarfi um tungutækninám við erlenda háskóla sem hafa mikla reynslu á þessu sviði. Óformlegt samstarf Háskólans við sænska rannsóknaháskólann í tungutækni hófst þegar við stofnun þess skóla haustið 2001. Öll misseri hingað til hafa einhverjir Íslendingar sótt námskeið í þeim skóla. GENST-NET, sem fjármagnað er af norrænu tungutækni-áætluninni, hefur greitt ferða- og dvalarkostnað íslensku nemendanna, en þeir hafa farið þrjár ferðir til Svíþjóðar á hverju misseri.

Háskóli Íslands tók í fyrra þátt í forumsókn til norræna rannsóknaráðsins, NorFA, um styrk til stofnunar samnorræns rannsóknaháskóla, forskerskole, í tungutækni. Forumsóknin var í hópi 10 umsókna sem fengu undirbúningsstyrk til frekari vinnslu, og var endanlegri umsókn skilað í júní sl. Nú í byrjun desember var tilkynnt að tungutækniskóli verður í hópi fimm rannsóknaháskóla sem komið verður á um næstu áramót (sjá http://www.norfa.no/news_detail.cfm?LID=1&NewsCatId=2&NewsYear=2003&NewsId=195). Þetta þýðir að nú geta nemendur okkar tekið námskeið við ýmsa háskóla á Norðurlöndum og fá styrki til ferða og uppihalds. Einnig eigum við möguleika á að fá hingað gistikennara.

Þetta samstarf mun styðja mjög við bakið á tungutækninámi við Háskóla Íslands, og er raunar forsenda fyrir því að því námi verði haldið áfram á sómasamlegan hátt. En jafnframt leggur það okkur skyldur á herðar. Við getum ekki verið eingöngu þiggjendur í þessu samstarfi, heldur er nauðsynlegt að við getum í framtíðinni boðið einhver námskeið sem stúdentar annars staðar að sækja í. Það er því áhyggjuefni að framtíð tungutækninámsins við Háskóla Íslands er nú í nokkurri óvissu vegna þess að samningur skólans við menntamálaráðuneytið rennur út um áramótin og óljóst um fjármögnun námsins á næstu árum. Við hljótum þó að vona að úr því rætist, og við getum haldið áfram í samstarfi við fyrirtæki og norræna háskóla að mennta unga Íslendinga til starfa á þessu mikilvæga sviði.